

21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um meðalásölu héraðslækna á Íslandi. 1856.
3. nóvembr.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði leitað álits amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um beiðni héraðslæknisins í Húnavatns sýsla, Jósefs Skaptasonar, sem þær senduð með bréfi 29. september f. á, um að sér væri leyft að kaupa beinlínis í Kaupmannahöfn meðöl þau, sem hann þarf við lækningar sínar, hefi eg með bréfi í dag beðið amtmann Havstein að gjöra nefndum lækni kunnugt, að það verði að standa við það sem sagt er fyrir í kansellíbréfi 9. marz 1841, nefnilega að þvílíkt leyfi og það, sem um er beðið, ekki verði veitt.

Um leið og jeg skýri herra stiptamtmaninum frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar fyrir lyfsöllumandi Randrup í Reykjavík, sem hefir kvartað yfir því við amtmanninn í norður- og austur-umdæmunum, að héraðslæknir Skaptason á ári hverju láti senda sér frá Kaupmannahöfn meðöl þau, sem hann selur bæði til lækninga sinna og í handkaupum, hlýt eg, útaf uppástungu þeirri, sem þær hafð gjört í niðurlagi nýnefnds bréfs yðar 29. september f. á.: að harðlega væri brýnt fyrir lyfsöllumönnum á Íslandi, að þeir ekki seli meðöl nema skipuðum læknum, eða þá eptir forsögnum þeirra, að bæta því við, að mér hefir þótt mjög ísjárvert að gjöra nokkra ráðstöfun þar að lútandi, og yrði það ekki heldur með neinu móti gjört eins yfirgripsmikið og þær hafð stungið uppá, þar lyfsöllumenn á Íslandi hafa rétt til, eins og lyfsöllumenn í Danmörku, að selja einstök meðöl í handkaupum án forsagnar lækna.

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um leyfisbréf fyrir skip sem sigla til Íslands. 8. nóvembr.

Í þóknanlegu bréfi 6. ágúst þ. á. hefir herra amtmaðurinn skýrt frá, að það hafi optar borið við, að skip verzlunarmanna

1856. í Kaupmannahöfn hafa hleypt inn á aðrar hafnir á Norðurlandi 8. nóvembr. enn á Akureyri, án þess að þau hafi haft leiðarbréf þau, sem lögboðin eru, og að sýslumennirnir í slíkum kríngumstæðum, þegar skipin, skipstjórar og útgjörðarmenn skipanna hafa verið þeim kunnir, og þegar hin önnur lögboðnu skilríki hafa verið við, ekki hafa álitid að þurfa þætti að tálma affermíngu skipanna, en þarómóti látið sér nægja, að leiðarbréfin jafnvel mörgum dögum eptir affermínguna hafi verið keypt hjá sýslumanninum í Eyjafjarðar sýslu. Þareð slík aðferð, jafnvel þó þess hafi verið gætt að ríkissjóðurinn ekki biði neinn missi, kynni ef til vill þegar fram líða stundir að hafa óreglur í för með sér, hefir herra amtmaðurinn þarhjá farið fram á, að skipað væri íslenzkum verzlunarmönnum, sem væri búsettir í Danmörku, þegar þeir senda skip beinlínis til annara hafna á Íslandi en þeirra hafna sem ákveðnar eru, að kaupa leiðarbréf áður en þeir fara frá Danmörku, eða ef þeir senda skip til útlanda frá öðrum höfnum á Íslandi, og skipin eigi aptur að fara til Íslands, að þeir þá kaupi leiðarbréf hjá hinum dönsku verzlunarfulltrúum erlendis.

Í tilefni af þessu læt eg ekki hjá líða þjónustusamlega að skýra frá, að þareð það samkvæmt 5. gr. í lögum 15. apríl 1854 er leyft að kaupa íslenzk leiðarbréf á þeim 6 verzlunarstöðum, sem getið er um í 2. gr. nýnefndra laga, getur skipan sú, sem herra amtmaðurinn hefir stungið uppá að gefin væri íslenzkum verzlunarmönnum, ekki átt sér stað; aptur á móti mun tilgáanginum bezt verða náð með því, að stránglega sé gætt þeirrar skyldu, sem er lögð sýslumönnum á herðar, nefnilega ekki að leyfa affermíngu skipsins, fyr en þeim hefir verið sýnt leyfisbréfið eða það hefir verið keypt, og það er því beidni mín til herra amtmannsins, að þer vildið brýna það fyrir hlutadeigandi sýslumönnum, að þeir gæti nákvæmlega reglna þeirra, sem um þetta eru gefnar í lögnum.